


# Andblær



**Bókmenntir**

**5. hefti**

# Steinunn Ásmundsdóttir

día de los muertos

litið þorp kúrir við kulnað eldfjall  
moldarvegur liggur gegnum þorpið  
og upp brekkuna að kirkjugarðinum

þar er annríki;  
mestísar, kreólar og indíánar  
fara í hópum inn um sálnahliðið  
með rauðar og hvítar gladíólur í hundraðatali  
löng hvít kerti, haka og skóflur  
vatnsfötur, víNFLöskur, tequilakúta og peyotl

fullt tunglið og kynleg birta í fjallinu  
heit máismjólk úr suðupotti mexíkansks örkuðlamanns  
og enchiladas

frá krákustígum tínist hver fjölskylda að sínu leiði  
fólkið dimmleitt og hátíðlegt, hreinsar og mylur moldina  
setur kertin sín þétt kringum leiðið og blómknippi

í vatnsfötur við sinn hvorn endann  
breiðir bróderaðan dúk yfir leiðið  
matföng og vín  
og kveikir á reykelsi

vinir og ættingjar sitja í hring  
eta og drekka  
spjalla um dauðann og lífið  
og segja gamansögur af hinum látna  
einhver orðinn fullur og grætur sárt  
börnin hlaupa um með hundunum  
uppfull af kynlegri stemningunni  
barnungar sífra í fangi mæðra sinna  
sem sitja við bálandi hrískesti og syngja lágt

í kirkjugarðinum tindra þúsund kertaljós  
þungur ilmur gladíólanna blandast reykhulu  
snarkandi viðarkasta og reykelsiskerja  
vonds tóbaks og ósandi kerta

skvaldrið frá fólksmergðinni einhvern veginn kyrrlátt  
söngvarnir tregablandnir  
börnin og hundarnir hljóðna þegar líður á nóttina  
skuggar þonsjóanna flökta á sverum trjástofnum  
og einhver bíður upp á tequilakrús

fagnar því að vera þrátt fyrir allt hluti af þessari  
kúguðu, en þó óbuguðu þjóð, sem gleymir ekki sínum  
dauðu

sef og dreymi um dauða, galdur og þjáningar

vakna og fer út að ná í nýbakaðar tortillas á horninu  
nágrannafjölskyldan að koma heim frá kirkjugarðinum  
heldur illa til reika eftir rigningu morgunsins  
en þau brosa samt gegnum fátæktina og þreytuna